

Bakki 1
765 Djúpivogur



Berist til. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Ályktun frá Aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Austurlands haldinn 5. apríl á Hótel Héraði.

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands 2019 skorar á sveitarstjórnir Djúpavogshrepps, Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs að gjalda varhug við áformum um virkjanaframkvæmdir í ám sem falla frá svonefndum Hraunum á sunnanverðu Austfjarðahálendi. Aðalárnar á þessu svæði sem ekki hefur þegar verið raskað eru:

- a. Suðurá, Hofsa, Geithellaá, Hamarsá, Fossá og Berufjarðará í Djúpavogshreppi;
- b. Fellsá ásamt með Sultarranaá og Strútsá í Fljótsdalshreppi;
- c. Gilsá á mörkum Fljótsdals og Héraðs;
- d. Geitdalsá í Norðurdal Skriðdals.

Allar falla ár þessar um langa og litríka dali, prýddar fögrum fossum. Upptakasvæði þeirra eru Hraunin, sem til forna nefndust Sviðinhornahraun. Þau búa yfir sérstæðu náttúrufari, smájöklum, vötnum og gróðurfari sem lítið hefur verið rannsakað hingað til. Ósnortin af raski hafa þessi vatnsföll og umhverfi þeirra mikið framtíðargildi. NAUST skorar á ofangreind sveitarfélög að beita sér sameiginlega fyrir friðlýsingu þess hluta Hraunasvæðisins sem ósnortinn er af virkjunum og vatnaflutningum í þeirra þágu. Hér er um að ræða náttúrufarslega afar sérstæðan hluta af hálendi Austurlands, bæði hvað varðar jarðfræði, vatnalíf og gróðurriki.

Ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Virðingarfyllt

*F. h. NAUST
Andrés Skúlason form.*

Afrit
Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs
Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps
Austurglugginn
Austurfrétt
RÚV